

# HORFUR Í EFNAHAGSMÁLUM

## HAGSPÁ ASÍ 2016-2018



OKTÓBER 2016



## Inngangur

Aðstæður eru hagfelldar í efnahagslífinu um þessar mundir og útlitið gott til næstu ára. Ný hagspá hagdeildar ASÍ sem hér er birt gerir ráð fyrir ágætum hagvexti næstu árin, góðu atvinnuástandi og hóflegri verðbólgu. Vöxturinn byggir á örum vexti ferðaþjónustunnar og aukinni innlendri eftirspurn en áframhaldandi styrking krónunnar styður við verðstöðugleikann. Ríkissjóður hefur náð viðspyrnu, rekstrar- og skuldastaðan er góð og stór skref verið stigin í afléttingu gjaldeyrishafta. Þessar aðstæður gefa okkur einstakar forsendur til að styrkja undirstöðurnar. Verkefnið framundan verður að tryggja að við nýtum okkur þær til að styðja við hinn efnahagslega stöðugleika á sama tíma og við treystum hina félagslegu velferð. Slaki í ríkisfjármálum og skattalækkanir á tekjuhærri hluta þjóðarinnar samhliða vanfjármögnuðu velferðarkerfi og veikingu barna- og húsnæðisbótakerfanna munu ekki skila okkur þessari niðurstöðu heldur ýta undir ofþenslu og óstöðugleika og auka ójöfnuð.

Aðstæður á húsnæðismarkaði valda áhyggjum, einkum erfið staða ungs fólk og tekjulægri heimila. Á undanförunum árum hefur mun minna verið byggt af íbúðarhúsnæði en þörf er á til að mæta nýliðun á fasteignamarkaði auk þess sem mikill fjöldi erlendra starfsmanna sem hingað kemur og vöxtur í ferðaþjónustu auka enn á eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Þrátt fyrir aukin umsvif í íbúðarbyggingum á næstu árum nægir það engan veginn til að mæta uppsafnaðri þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði og slá á mikla hækkun íbúðarverðs. Útlit er því fyrir að staða viðkvæmra hópa á húsnæðismarkaði verði áfram erfið verði ekki gripið til markvissra aðgerða til að bæta stöðu þeirra.

Hröðum vexti ferðaþjónustunnar fylgja aukin umsvif á flestum sviðum og vaxandi spennu gætir á vinnumarkaði. Til að mæta aukinni þörf fyrir starfsfólk hefur fjöldi erlendra starfsmanna komið hingað til starfa, einkum í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Í vaxandi mæli sækja fyrirtæki sér starfsfólk í gegnum þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur og nokkuð hefur borið á því að starfsfólki í atvinnufyrirtækjum séu ekki greidd laun undir því yfirskini að um sjálfboðastörf eða starfsnám sé að ræða. Í vinnustaðaeftirliti stéttarfélaganna hefur verið upplýst að ýmis alvarleg brotastarfsemi og undirboð viðgangast á vinnumarkaði og talsverður fjöldi starfsmanna er hvergi sýnilegur í opinberum skráum. Staðreyndin er sú að ef stjórnvöld í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins vinna ekki af hörku gegn slíkum lögbrotum grefur það undan ábyrgum vinnumarkaði þar sem fyrirtæki virða réttindi starfsfólks og standa skil á sínu til samfélagsins.

Á árunum fyrir efnahagshrun jókst ójöfnuður hér til muna og þegar verst lét höfðu tekjuhæstu 20% þjóðarinnar tæplega 60% allra ráðstöfunartekna. Nýlegar tölur um tekju- og eignaskiptingu landsmanna gefa vísbendingar um að ójöfnuður fari nú vaxandi á ný og hagar tekjuhæsta hluta þjóðarinnar hafi enn á ný vænkast umfram aðra. Þetta er óheillaþróun sem hægt er að snúa við með réttlátu skattkerfi sem dreifir byrðunum með sanngjörnum hætti.



---

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	1
HELSTU ATRIÐI.....	3
STERK FJÁRHAGSSTAÐA HEIMILANNA STYÐUR VIÐ AUKNA NEYSLU.....	4
FJÁRFESTINGAR AÐ AUKAST Í FLESTUM ATVINNUGREINUM .....	7
GÓÐ STAÐA RÍKISFJÁRMÁLA .....	10
STERKARA GENGI KRÓNUNNAR HELDUR VERÐBÓLGU Í SKEFJUM .....	13
VINNUMARKAÐUR AÐ OFHITNA? .....	15
ER ÓJÖFNUÐUR AÐ AUKAST AÐ NÝJU?.....	19

## SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	Í ma.kr.		Spá		
	2015	2015	2016	2017	2018
Einkaneysla	1100,9	4,3	7,6	5,0	4,1
Samneysla	522,6	1,0	0,7	1,7	1,5
Fjármunamyndun	420,0	18,3	22,2	10,3	0,0
þar af atvinnuvegir	299,6	29,5	26,3	8,2	-2,8
þar af húsnæði	58,4	-3,1	15,9	19,0	12,6
þar af hið opinbera	62,0	-2,5	2,7	4,2	4,1
Þjóðarútgjöld	2046,9	6,0	8,3	5,3	2,6
Útflutningur	1188,7	9,2	6,5	6,2	3,4
Innflutningur	1022,1	13,5	14,2	6,1	3,7
<b>Landsframleiðsla</b>	<b>2213,5</b>	<b>4,2</b>	<b>4,7</b>	<b>5,4</b>	<b>2,5</b>
Verðbólga <sup>1</sup>		1,6	1,7	2,4	2,6
Skráð atvinnuleysi <sup>2</sup>		2,9	2,3	2,1	2,2
Gengisvísitala <sup>3</sup>		201	183	173	169
Vöru- og þjónustujöfnuður <sup>4</sup>		7,5	3,6	3,5	3,6

<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

<sup>2</sup> Hlutfall af áætluðum mannafla (VMST)

<sup>3</sup> Ársmeðaltal

<sup>4</sup> Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

### Helstu atriði

Verg landsframleiðsla eykst hressilega yfir spátímann og gangi spá hagdeildar eftir verður hagvöxtur 4,7% á þessu ári og 5,4% árið 2017. Hagvöxtur verður þó öllu minni árið 2018, eða 2,5%.

Í heildina litið hefur þróunin í efnahagslífinu verið í takt við væntingar okkar. Vöxtur bæði í ferðaþjónustu og innlendri eftirspurn hefur þó verið bæði meiri og hraðari en gert var ráð fyrir í síðustu spá. Spáð er minni verðbólgu en áður og skýrist sú breyting að mestu af breyttri forsendu um gengisþróun en nú gerum við ráð fyrir hóflegri styrkingu krónunnar allan spátímann.

Vaxandi spenna gerir nú vart við sig í hagkerfinu og útlit er fyrir frekari vöxt ferðaþjónustunnar á sama tíma og aukin innlend eftirspurn drífur kröftugan vöxt þjóðarútgjalda á fyrri hluta spátímans. Hækkandi húsnæðisverð og sterkara gengi krónunnar minna um leið á þær aðstæður sem voru til staðar á árunum fyrir hrun. Í þessu felast miklar áskoranir, sérstaklega á vinnumarkaði þar sem víða má sjá merki um ofhitnun.

Ólíkt aðstæðum fyrir hrun er skuldastaða heimilanna góð og launaþróun hefur skapað forsendur fyrir aukinni einkaneyslu. Hagdeild spáir 7,6% vexti einkaneyslunnar á þessu ári og að jafnaði 4,6% vexti á árunum 2017-2018.



Fjármunamyndun verður 22% af vergri landsframleiðslu yfir spátímangangi spá hagdeildar eftir þar sem meginþrátturinn eru auknar fjárfestingar atvinnuveganna. Fyrirtæki hafa brugðist við vaxandi eftirspurn með auknum fjárfestingum en á sama tíma er áhyggjuefni hversu litlu er varið í fjárfestingarhins opinbera.

Útlit er fyrir 15,9% vöxt íbúðafjárfestinga á þessu ári og að meðaltali 15,8% aukningu á árunum 2017-2018. Þótt þróunin sé í rétta átt er mikil uppsöfnuð eftirspurn til staðar á húsnæðismarkaði og útlit fyrir umtalsverða hækkun húsnæðisverðs á næstu árum.

Vöxtur útflutnings verður þó nokkur á næstu árum og er útlit fyrir að áframhaldandi aukning útfluttrar þjónustu þ.e. fjölgun ferðamanna drífi 6,5% vöxt útflutnings á þessu ári og 6,2% á næsta ári. Á hinn bóginn eykst innflutningur umtalsvert yfir spátímangangi í takt við vöxt þjóðarútgjalda þar sem hæst ber 14,2% vöxtur á þessu ári.

Víða má sjá merki um ofhitnun á vinnumarkaði og fyrirtæki finna í vaxandi mæli fyrir skorti á starfsfólki. Aðfluttir starfsmenn hafa að einhverju leyti slegið á spennu en vísbendingar eru um að fjölgun starfa kunnist að vera vanmetin sökum aukins fjölda tímabundinna erlendra starfsmanna. Hætta er á að aukin spenna geti í vaxandi mæli ýtt undir launaskrið.

Hagfelld gengisþróun dregur úr verðbólguþrýstingi og er líklegt að verðbólga haldist undir og kringum verðbólguþrýsting Seðlabankans mest allt spátímabilið. Verðbólga tekur hins vegar að aukast árið 2018 þegar hægir á styrkingu krónunnar.


## **Sterk fjárhagsstaða heimilanna styður við aukna neyslu**

Heimilin hafa undanfarin misseri notið góðs af hagfelldri verðlagsþróun sem hefur leitt til kröftugs vaxtar kaupmáttar launa og ráðstöfunartekna heimilanna. Launavísitalan hækkaði á síðasta ári um 7,2% og á fyrstu átta mánuðum þessa árs hefur vísitalan hækkað að jafnaði um 12,1%. Laun hafa því hækkað umtalsvert á liðnu ári og töluvert meira en á árunum fyrir hrún þegar veruleg spenna ríkti á vinnumarkaði.

Aðstæður nú eru þó ólíkar þeim sem ríktu fyrir hrún að því leyti að laun hafa hækkað samhliða miklum verðstöðugleika. Styrking gengis krónunnar og hagfelld þróun hrávöruverðs hafa haldið verðbólgu lágri en það hefur skilað sér í mikilli kaupmáttaraukningu. Þannig jókst kaupmáttur launa um 5,4% á síðasta ári og á fyrstu átta mánuðum ársins hefur kaupmáttur launa aukist um 10,4% en vísitala kaupmáttar launa hefur aldrei mælst hærrí. Launahækkanir drífu 10,8% vöxt ráðstöfunartekna heimilanna á síðasta ári og vögu m.a. upp hægjan vöxt á tilfærslum hins opinbera til heimilanna. Stærstur hluti tilfærslutekna heimilanna eru greiðslur frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum sem jukust

um 5,3% á síðasta ári. Greiðslur vegna barnabóta, vaxtabóta og atvinnuleysisbóta drögust aftur á móti töluvert saman.


### Mynd 1. Þróun launa og ráðstöfunartekna



Heimild: Hagstofa Íslands

Neysla heimilanna hefur aukist samhliða bættri fjárhagsstöðu undanfarin ár en vöxturinn getur ekki talist mikill í sögulegu samhengi, eða um 2,5% að meðaltali á árunum 2011-2015. Á síðasta ári jókst einkaneysla um 4,3% sem var undir væntingum okkar frá síðustu haustspá þegar við spáðum 4,6% vexti. Heimilin hafa því einnig ráðstafað auknum tekjum í sparnað og niðurgreiðslu skulda. Þegar leið á síðasta ár sáust þó skýr merki um aukna neyslu heimilanna. Á fjórða ársfjórðungi í fyrra jókst neyslan um 5,8% milli ára, sem var töluvert umfram meðalvöxt ársins.

### Mynd 2. Skuldir heimila sem hlutfall af VLF




Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Þróun neyslu og fjárhagsstöðu heimilanna er um þessar mundir gjörólík því sem sást á árunum 2003-2007 þegar einkaneyslan jókst að meðaltali um 7,2%

árlega. Munurinn liggur að miklu leyti í því að þróun ráðstöfunartekna og skulda heimilanna hefur verið með öðrum hætti nú.

Auknar ráðstöfunartekjur nú eru að mestu tilkomnar vegna launaþróunar en ekki vegna aukinna eignatekna líkt og á árunum fyrir hrun. Enn fremur hefur aukin neysla heimilanna haldist í hendur við lækkandi skuldir heimilanna ólíkt því sem átti sér stað fyrir hrun þegar vaxandi neysla heimilanna var drifin áfram af auknum lántökum.


**Mynd 3. Þróun kortaveltu og einkaneyslu**



Heimild: Seðlabanki, Hagstofa, útr. Hagdeildar

Sé tekið mið af ofangreindri þróun er ljóst að forsendur eru fyrir umtalsverðum vexti einkaneyslunnar á spátímanum. Á fyrri hluta þessa árs jókst einkaneysla um 7,7% og þar af 8,2% á öðrum ársfjórðungi. Svipaða þróun má greina úr nýlegum tölum um kortaveltu heimilanna sem jókst um 8,6% á þriðja ársfjórðungi.

**Mynd 4. Einkaneysla - Breyting milli ára**




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ



Væntingar til efnahagsaðstæðna hafa áhrif á neysluákvörðanir heimilanna. Væntinga- og stórkaupavísitölur Gallup benda til þess að heimilin hyggi í auknum mæli á stórkaup, utanlandsferðir og bifreiðakaup. Við væntum þess að vöxtur einkaneyslunnar verði 7,6% þegar árið liggur fyrir í heild sinni. Hvernig vöxtur einkaneyslunnar verður á næstu árum mun hins vegar ráðast af því hvernig skuldir heimilanna þróast. Haldi neyslan áfram að þróast í takt við kaupmátt líkt og reyndin hefur verið undanfarin ár teljum við að vöxturinn nái hámarki á þessu ári en verði að jafnaði 4,6% á árunum 2016-2017.

## Fjárfestingar að aukast í flestum atvinnugreinum

Mynd 5. Fjármunamyndun



Fjármunamyndun nam 19% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári og hélt áfram að rísa upp úr sögulegu lágmarki eftirhrunsáranna. Fjármunamyndun hefur aukist verulega frá árinu 2014 og hefur meginþrákrafturinn verið mikil aukning fjárfestinga atvinnuveganna. Fjárfesting hefur aukist í flestum atvinnugreinum en þó eru áhrif ferðapjónustunnar vel sýnileg, m.a. í mikilli aukningu fjárfestinga í flugvélum, samgöngutækjum á landi, flugvöllum, hótélum og veitingahúsum.

Á síðasta ári jókst fjármunamyndun um 18,3% og þá aukningu má eingöngu rekja til 29,5% aukningar fjárfestinga atvinnuveganna en íbúðafjárfesting og opinber fjárfesting drógust saman á sama tímabili. Áhrif skipa- og flugvéla eru nokkur en séu þau undanskilin jókst fjárfesting atvinnuveganna um 23,9% og heildar fjármunamyndun um 14,3%.

Fátt bendir til þess að hægt hafi á fjárfestingaumsvifum á þessu ári. Fjármunamyndun jókst um 29% á fyrri hluta árs, en líkt og á síðasta ári má rekja vöxtinn til mikilla fjárfestinga fyrirtækja en atvinnuvegafjárfesting jókst um 37% frá fyrri hluta síðasta árs. Lítil breyting hefur orðið á fjárfestingum hins opinbera sem jukust einungis um 1,8% á fyrri hluta árs. Það er áhyggjuefni hversu lítil vöxtur er á opinberri fjárfestingu á næstu árum,




sérstaklega í ljósi þess að uppsöfnuð þörf er á innviðafjárfestingu vegna viðhalds, mannfjölgunar og fjölgunar ferðamanna. Í fjármálaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir óbreyttu fjárfestingarstigi ríkisins næstu tvö árin, eða 1,3% af landsframleiðslu. Gangi spá hagdeildar eftir verður opinber fjárfesting í heild sinni einungis um 2,85% af vergri landsframleiðslu árið 2018 og því langt undir langtíma meðaltali.

Samkvæmt spá hagdeildar eykst fjármunamyndun um 22,2% á þessu ári en hægir þónokkuð á vextinum á næsta ári þegar gert er ráð fyrir 10,3% vexti. Árið 2018 stendur fjármunamyndun í stað en sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verður hún um 22% og hækkar um þrjú prósentustig yfir spátímann.


## Fasteignaverð stefnir í hæstu hæðir

**Mynd 6. Húsnæðisverð**



Heimild: Þjóðskrá

**Mynd 7. Velta á húsnæðismarkaði**



Heimild: Þjóðskrá


Í kjölfar hækkandi húsnæðisverðs hefur kastljósið beinst í auknum mæli að húsnæðismarkaðnum og sérstaklega húsnæðisvanda ungs fólks. Þessi mál hafa hlotið ítarlega umfjöllun í undanförunum spám hagdeildar. Aðstæður á húsnæðismarkaði einkennast af litlu framboði nýs íbúðarhúsnæðis ásamt talsverðum vexti eftirspurnar. Afleiðingin hefur verið samfelld hækkun undanfarin fimm ár en vísitala íbúðaverðs er nú um 60% hærri en í byrjun árs 2011. Þótt húsnæðisverð hafi ekki hækkað jafn hratt og á árunum 2004-2008 er raunverð húsnæðis engu að síður orðið hátt í sögulegu samhengi eða svipað og árið 2005. Á þessu er vakin athygli í nýju riti Fjármálastöðugleika þar sem meðal annars er bent á að áhætta geti verið að byggjast upp áfasteignamarkaði<sup>1</sup>

Á eftirspurnarhlíðinni eru aðstæður gjörólíkar þeim sem ríktu fyrir hrún þegar greitt aðgengi að lánsfé og aukin skuldsetning heimilanna hafði ráðandi áhrif á verðmyndun á fasteignamarkaði. Undanfarið hafa bætt fjárhagsstaða heimilanna og bjartari horfur í efnahagslífinu vissulega hvatt til fasteignakaupa.

<sup>1</sup> Sjá nánar Fjármálastöðugleika 2/2016


Hins vegar hefur þróun lýðfræðilegra þátta mikil áhrif s.s. vegna fjölgunar íbúa vegna aðflutnings erlends vinnuafls og stórum árgöngum nýrra húsnæðis kaupenda sem þurfa þak yfir höfuðið. Meginvandinn á húsnæðismarkaði er því skortur á bæði húsnæði til eignar og leigu.

### Mynd 8. Framboð íbúða



Heimild: Hagstofa Íslands

### Mynd 9. Íbúðafjárfesting - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Áætlað hefur verið að þörf sé fyrir um 2.000 nýjar íbúðir árlega inn á húsnæðismarkaðinn til að mæta lýðfræðilegri þróun. Áhrif af hruni á byggingamarkaði hafa hins vegar verið langvarandi og frá árinu 2009 hafa einungis að jafnaði 984 íbúðir verið fullgerðar árlega. Á síðasta ári var lokið við 1.190 íbúðir sem að stærstum hluta eru á höfuðborgarsvæðinu. Umsvif hafa þó farið vaxandi og hófust framkvæmdir við um 1.600 íbúðir á síðasta ári sem er um þreföldun milli ára. Samtök iðnaðarins telja þó að uppsöfnuð þörf fyrir húsnæði sé nú þegar allt að 3.000 íbúðir ásamt því sem að þörf er fyrir 2.000



nýjar íbúðir árlega næstu 3-5 árin<sup>2</sup>. Hærra verð á húsnæði og aukin eftirspurn hvetur til bygginga en þó getur tekið tíma fyrir framboð að aukast. Þetta skýrist meðal annars af þeim tíma sem tekur að skipuleggja og koma framkvæmdum af stað. Aukin umsvif í íbúðabyggingum eru þegar sýnileg, m.a. í 17% vexti á fyrri hluta ársins og gerir spá hagdeildar ráð fyrir talsverðri aukningu íbúðafjárfestingar á spátímanum, eða 15,9% á þessu ári og að meðaltali 15,8% á árunum 2017-2018. Hins vegar er ólíklegt að þessi aukning slái á hækkun húsnæðisverðs sökum uppsafnaðrar eftirspurnar á markaði.

## Góð staða ríkisfjármála

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og gjalda á fyrstu sjö mánuðum ársins liggur nú fyrir og gefur góða mynd af afkomu ríkissjóðs. Tekjur ríkissjóðs voru alls tæplega 442 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 23,3% aukning milli ára. Mikil tekjuaukning þessa árs er aðallega tilkomin vegna umfangsmikilla óreglulegra liða, þ.e. stöðugleikaframlaga og arðgreiðslna. Skatttekjur og tryggingagjöld vógu sömuleiðis þungt, það sem af er ári nema þau samtals 339 ma.kr. og hafa aukist um 9,5% miðað við sama tíma í fyrra<sup>3</sup>.

Almennar launahækkanir og umsvif í efnahagslífinu hafa leitt til jákvæðs fráviks í tekjuþróun þessa árs. Tekjuskattur einstaklinga nam 836,4 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins, sem er 21,5% aukning milli ára og 11,2% umfram áætlun. Launahækkanir og meiri atvinna skýra helst þessa niðurstöðu. Af þessari sömu ástæðu voru tekjur af tryggingagjaldi 5% umfram áætlun og námu alls 50 ma.kr.

Skattar á vörur og þjónustu voru 7,5% umfram áætlun á fyrstu sjö mánuðum ársins og námu 143 ma.kr. sem er 12% aukning milli ára. Þyngst vegur aukning í tekjum af virðisaukaskatti sem námu alls 99 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins, sem var 10,5% yfir áætlun og 15,4% aukning milli ára. Það eru helst efnahagslegar aðstæður sem skýra þessa aukningu, en aukinn kaupmáttur heimilanna leiðir til meiri kaupa á varanlegum neysluvörum ásamt því sem aukning ferðamanna hefur jákvæð áhrif á vöxt virðisaukaskatts. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum voru einnig áberandi miklar á fyrstu mánuðum ársins en nýskráðum bifreiðum hefur fjölgað verulega og endurspeglast það í 31% aukningu í tekjum af vörugjöldum af ökutækjum milli ára.

Greidd gjöld ríkissjóðs námu alls 403,2 ma.kr. á fyrri hluta ársins og jukust um 6,4% frá fyrra ári sem er undir áætlun. Stærstu útgjaldaliðirnir voru sem áður almannatryggingar og velferðarmál ásamt heilbrigðismálum. Almenn opinber þjónusta hækkaði hlutfallslega mest, um 14% á fyrstu sjö mánuðum ársins

<sup>2</sup>Sjá nánar úttekt Samtaka iðnaðarins [http://www.si.is/media/pdf/SI\\_baeklingur\\_HR-final.pdf](http://www.si.is/media/pdf/SI_baeklingur_HR-final.pdf)

<sup>3</sup> Sjá nánar <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Greidsluafkoma-rikissjods-januar---juli-2016.pdf>



miðað við sama tíma fyrir ári síðan og nam alls 33,8 ma.kr. Útgjöld til málaflöksins hækkðu um 4,2 ma.kr. milli ára.

Skuldastaða ríkisins hefur farið batnandi en í Fjármálaáætlun fyrir árin 2016-2019 er gert fyrir að skuldir ríkissjóðs lækki á tímabilinu úr 1.167 milljörðum króna í 995 milljarða. Áætlun um skuldaþróun byggir á að stöðugleikaframlög slitabúa verði eingöngu notuð til niðurgreiðslu skulda auk þess sem öllum óreglulegum tekjum s.s. sérstökum arðgreiðslum, ávinningi af sölu eignahluta í fjármálafyrirtækjum og samdrætti í skuldsettum gjaldeyrisvaraforða verði ráðstafað til lækkunar á skuldum ríkissjóðs. Niðurgreiðslur skulda samhliða vaxandi landsframleiðslu leiða til þess að skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu lækka úr 50% í lok árs 2016 í 32% lok tímabilsins.

### **Fjármálaáætlun 2017-2021 – Undirbyggir hvorki efnahagslegan né félagslegan stöðugleika**

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, sem samþykkt var á Alþingi í vor, eru sett fram markmið í opinberum fjármálum til næstu fimm ára. Þar birtast vísbendingar um hvernig stjórnvöld hyggjast nýta opinber fjármál til að forgangsraða verkefnum og skipta byrðum í samfélaginu næstu árin. Áætlunin ber skýr merki um uppgang efnahagslífsins. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði jákvæð allt tímabilið en eitt meginmarkmið áætlunarinnar er að afkoma hins opinbera verði jákvæð um a.m.k. 1% af landsframleiðslu á tímabilinu. Stefnumið um tekju- og gjaldahlið fela í sér að frumtekjur og frumgjöld, þ.e. tekjur og gjöld ríkissjóðs án óreglulegra liða og vaxta, vaxi ekki umfram vöxt landsframleiðslunnar. Raunar er gert ráð fyrir að tekjur lækki um eitt prósentustig sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu en hlutfall gjalda verði óbreytt. Seðlabankinn hefur m.a. bent á að nokkur slaki sé nú þegar til staðar í ríkisfjármálunum og samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir áframhaldandi slaka samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði. Slík niðurstaða ýtir undir ofþenslu og óstöðugleika og vinnur gegn peningamálastefnunni. Afleiðingarnar eru aukinn verðbólguþrýstingur og hærri vextir.

Ekki er annað að sjá en að sú stefna sem sett er fram í áætluninni viðhaldi þeirri vegferð sem stjórnvöld hafa verið á undanfarin ár. Frá byrjun kjörtímabilsins hafa skattkerfisbreytingar einkum miðað að því að lækka skatta á tekjuhæri heimili og eignafólk en þar er skemmst að minnast afnáms auðlegðarskatts og lækkun veiðigjalda auk þess sem fyrir liggur að 80 milljarða króna framlag sem varið var til lækkunar verðtryggðra húsnæðislána féll tekjuhæri heimilum í skaut í mun meira mæli en þeim tekjulægri. Samhliða þessu hafa jöfnunartæki á borð við barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur markvisst verið veikt sem dregur úr vægi og jöfnunarhlutverki stuðningskerfanna. Ekki er annað að sjá en að þessari meginstefnu sé áfram fylgt í fjármálaáætluninni og gert sé ráð



fyrir að veikja stuðningskerfin enn frekar og þrengja þann hóp sem þau ná til. Þessi leið mun auka ójöfnuð og grafa undan félagslegum stöðugleika.

Ýmsar mikilvægar velferðarumbætur á borð við uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis fyrir verst stadda hópinn á húsnæðismarkaði og innleiðingu nýs húsnæðisbótakerfis eru ófjármagnaðar í áætluninni og ekki annað að sjá en að gert sé ráð fyrir að draga úr öðrum húsnæðisstuðningi til að fjármagna þær. Stefnan er þannig að jafna innan þess hóps sem þarf húsnæðisstuðning en ekki milli hans og annarra hópa. Þetta er svipuð stefna og mörkuð er gagnvart gjaldtöku af sjúklingum í heilbrigðiskerfinu þar sem ekki er lagt fram viðbótarfjármagn heldur einungis gert ráð fyrir að jafna kostnaði innan þess hóps sem þarf heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir fjármunum til hönnunar og framkvæmda við meðferðarkjarna og rannsóknarhús nýs Landspítala á árunum 2018-2021 í áætluninni en ekki er tekið nægilega á rekstrarvanda heilbrigðiskerfisins og öldrunarþjónustunnar en forstjóri Landspítalans hefur bent m.a. á að spítalann vanti allt að 11 milljarða í aukið rekstrarfé árlega.

Uppgjör sveitarfélaganna vegna fyrri hluta árs 2016 benda til þess að staða þeirra fari batnandi samferða bættu árferði hagkerfisins. Tekist hefur að draga hlutfallslega úr skuldum samanborið við tekjur þrátt fyrir það að laun og launatengd gjöld ásamt hækkun lífeyrisskuldbindinga hafi aukist undanfarið. Hluttur sveitarfélaganna í samneyslu jókst um 0,9% á öðrum fjórðungi þessa árs miðað við sama tíma fyrir ári síðan samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Þetta er talsverð aukning frá fyrsta fjórðungi ársins 2016 þegar hluttur sveitarfélaganna í samneyslu dróst saman um 0,7% miðað við árið áður. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ársins námu heildartekjur sveitarfélaganna 3,2% á öðrum ársfjórðungi ársins 2016 og heildarútgjöld 3,3%. Hlutfall útgjalda af vergri landsframleiðslu er óbreytt miðað við sama tíma í fyrra en tekjurnar hafa aukist örlítið, eða um 0,2% af landsframleiðslu.


Sveitarfélögin hafa vakið athygli á að þau fái ekki sanngjarnan hlut af þeim tekjum sem skapast í þjóðarbúinu vegna fjölgunar ferðamanna, einkum í ljósi þess að þau sjá um rekstur margra þeirra staða sem ferðamenn sækja heim. Sveitarfélögin hafa talað fyrir því að eðlilegt sé að þau fái tekjur til þess að standa straum af útgjöldum sem þau verða fyrir vegna aukins ágangs og til að sporna gegn niðurníðslu innviða og náttúru. Eins og staðan er núna eru einu tekjur sveitarfélaganna af ferðaþjónustunni í formi útsvars frá starfsfólki sem starfar í greininni og fasteignaskatts af mannvirkjum sem notuð eru til ferðaþjónustu.

Það er mat starfshóps sem skipaður var af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að kanna þessi mál, að endurskoða þurfi lög um gistinátta-

skatt<sup>4</sup>. Æskilegt væri að hækka skattinn auk þess sem tekjur af honum ættu að renna í auknum mæli beint til sveitarfélaga, og ekki einungis til þess sveitarfélags sem ferðamaðurinn gistir í. Ferðamenn gista oft og tíðum í höfuðborginni en sækja ferðamannastaði í öðrum sveitarfélögum og því væri eðlilegt að þau sveitarfélög fengju einnig hlut af gistináttaskatttekjunum. Einnig er það skoðun starfshópsins að heimila eigi upptöku bílastæðagjalds við ferðamannastaði.

## Sterkara gengi krónunnar heldur verðbólgu í skefjum

Mynd 10. Verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga hækkaði skarpt í september en samkvæmt síðustu mælingu Hagstofunnar hækkaði ársverðbólgan úr 0,9% í 1,8% milli mánaða. Þessi hækkun kom mörgum að óvörum enda skýrðist hún af því að Hagstofan hafði vanmetið kostnað við eigið húsnæði á tímabilinu mars til september á þessu ári og það vanmat fært inn í vísitölu septembermánaðar.

Verðbólgan hefur nú verið undir markmiði Seðlabankans í tæplega þrjú ár, eða frá byrjun árs 2014. Að jafnaði hefur verðbólga mælst 1,6% á yfirstandandi ári en sé horft framhjá áhrifum húsnæðisverðs hefur almennt verðlag ekkert hækkað á árinu og þar af mældist verðhjöðnun yfir sumarmánuðina þegar útsöluáhrifa gætur. Þetta eru kunnuglegar aðstæður en líkt og á árunum fyrir hrun hefur hækkun húsnæðiskostnaðar vegið þungt í verðbólgu á meðan sterkara gengi krónunnar vegur á móti í gegnum lægra verð á innfluttum vörum.

<sup>4</sup> Sjá nánar <http://www.samband.is/media/fjarmal-sveitarfelaga/Skyrsla-starfshops-2016.pdf>


### Mynd 11. Gengi valinna gjaldmiðla í ISK



Heimild: Seðlabanki Íslands

Gengisvísitala krónunnar hefur lækkað um tæp 11% frá áramótum en á sama tíma hefur t.d. norska krónan lækkað um 12% og gengi breska pundsins lækkað um fjórðung. Gengi krónunnar hefur styrkst nær samfellt frá byrjun árs 2013 og þannig lagt grunn að stöðugu verðlagi. Fjölgun ferðamanna á stóran þátt í styrkingu krónunnar og hefur Seðlabankinn reynt að sporna gegn of hraðri styrkingu með kaupum á gjaldeyri. Gjalddeyrissvaraforðinn hefur í kjölfarið vaxið gríðarlega og nemur nú um 30% af VLF.

### Mynd 12. Þróun verðlags frá 2012




Heimild: Hagstofa Íslands

Áhrif gengisþróunar á verðlag sjást skýrt þegar þróun undirliða vísitölu neysluverðs er skoðuð nánar. Verð á bensíni var þannig 4,9% lægra nú í september en árið á undan, verð á nýjum bílum 4,2% lægra og verð á innfluttum mat og drykkjarvörum um 1,9% lægra. Á sama tíma hafði verð á



innlendum mat og drykkjarvöru hækkað um 2%, öðrum innlendum vörum um 2,35% og opinberri þjónustu um 3,63%.

### Mynd 13. Verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Styrking krónunnar skýrir að mestu frávik í verðbólguþá okkar en í undanförunum spám höfum við gert ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar yfir spátímann. Nú gerum við hins vegar ráð fyrir hóflegri styrkingu krónunnar yfir spátímann sem jafnframt dregur úr þeim verðbólguþrýstingi sem fylgir aukinni framleiðsluspennu, vaxandi innlendri eftirspurn og spennu á vinnumarkaði. Gangi spáin eftir má vænta þess að verðlag verði nokkuð stöðugt fram á næsta ár. Það er hins vegar áhyggjuefni að útlit er fyrir að verðbólga aukist hratt á árinu 2018 þegar hægir á styrkingu krónunnar, en þá er gert ráð fyrir 2,6% verðbólgu, þ.a. 3% á fjórða ársfjórðungi. Verðbólguþáin er því eins og oft áður verulega háð þróun á gengi krónunnar en aðrir óvissuþættir eru einnig þróun olíu- og húsnæðisverðs sem kunna að hafa áhrif.

## Vinumarkaður að ofhitna?


### Mynd 14. Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi



Heimild: Hagstofa Íslands

Sé litið á fyrstu átta mánuði ársins fjölgaði starfandi einstaklingum um tæplega sjö þúsund milli ára. Frá árinu 2012 hefur starfandi einstaklingum á vinnumarkaði fjölgað um tæplega 22 þúsund sem verður að teljast gríðarleg fjölgun á ekki lengra tímabili. Á sama tíma hefur atvinnulausum einstaklingum einungis fækkað um tæplega sex þúsund og tæplega fimm þúsund færri einstaklingar eru utan vinnumarkaðar. Þetta gefur til kynna þann mikla fjölda einstaklinga sem þurft hafa að koma inn á vinnumarkað til að mæta mikilli vinnuafleiðingunni undanfarin ár. Atvinnuþátttaka mældist 83,4% á fyrri hluta ársins, þ.a. 87,4% hjá körlum og 79,3% hjá konum. Sé fyrri hluti ársins borinn saman við sama tímabil árið 2009 hefur atvinnuþátttaka aukist mest á aldrinum 16-24 ára, eða um tæp 9 prósentustig, á meðan minnsta aukningin hefur verið hjá konum á aldrinum 55-74 ára.

### Mynd 15. Atvinnuleysi eftir landshlutum



Heimild: Vinnuáætlun

Vinnumarkaður hefur á flesta mælikvarða ekki einungis rétt úr kútnum heldur nálgast þær hæðir sem sáust fyrir hrún. Atvinnuleysi mældist 3,4% á fyrri hluta ársins. Jafnframt hefur dregið hratt úr langtímaatvinnuleysi sem á fyrri hluta ársins mældist einungis 6,8%, sem merkir að færri en fimm hundruð einstaklingar höfðu verið án atvinnu lengur en 12 mánuði á fyrri hluta ársins. Þetta er mikill viðsnúningur frá árinu 2012 þegar um fjórðungur allra atvinnulausra höfðu verið án atvinnu í meira en tólf mánuði, eða um þrjú þúsund einstaklingar. Þótt vaxandi spenna einkenni núverandi aðstæður á vinnumarkaði eru þær hins vegar gjörólíkar þeim sem ríktu fyrir hrún.


Starfandi einstaklingum fjölgaði um tæplega 20 þúsund á árunum 2005-2008 þar sem gríðarleg umsvif í mannvirkjagerð og framkvæmdir stórra fjárfestingaverkefna höfðu mikil áhrif á vinnumarkaði en einnig fjölgaði störfum t.d. í fjármálatengdri starfsemi. Undanfarin misseri er það gífurlegur vöxtur ferðaþjónustunnar sem hefur áhrif víða á vinnumarkaði. Fjöldi ferðamanna sem heimsækir Ísland hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2012 og gera spár ráð fyrir að ekki hægi á fjölguninni næstu misserin. Ferðaþjónustan sjálf er bæði vinnuafslrek og kallar einnig á fjölgun starfsfólks í öðrum

atvinnugreinum um allt land. Áhrifin koma bæði beint fram í fjölgun starfa í gistingu, veitingaþjónustu, samgöngum og annari þjónustu við ferðamenn en einnig óbeint í verslun, mannvirkjagerð, matvælaíðnaði og ýmissi þjónustu við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Hvergi sjást áhrif ferðaþjónustunnar betur en í miklum viðsnúningi á Suðurnesjum. Þar mælist atvinnuleysi nú svipað og á höfuðborgarsvæðinu eftir að hafa verið mest á landinu undanfarinn áratug.

Skortur á starfsfólki hefur farið vaxandi samkvæmt athugunum SA og Gallup hjá 400 stærstu fyrirtækjum landsins. Í mars á þessu ári taldi 31% stjórnenda skort vera á starfsfólki, en sama hlutfall var 28% í lok síðasta árs og 16% fyrir rúmum tveimur árum<sup>5</sup>. Í nýjstu könnuninni frá því í október hefur hlutfallið hækkað enn á ný þar sem 42% stjórnenda telja skort vera á starfsfólki. Skortur á starfsfólki gerir vart við sig víðar en í mannvirkjagerð og ferðaþjónustu en í könnun SA er vakin athygli á að yfir helmingur stjórnenda í verslun og iðnaði finnur nú fyrir skorti á starfsfólki. Nýleg greining Stjórnstöðvar ferðamála á mannaflaþörf í ferðaþjónustu gefur betri innsýn inn í stöðuna í ferðaþjónustunni. Þar kemur fram að vaxandi fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu skortir starfsfólk. Algengast er að fyrirtæki eigi erfitt með að fá starfsfólk í ræstingar, matreiðslu, flutninga og leiðsögn<sup>6</sup>.

Líkt og í síðustu uppsveiflu hefur aðfluttum erlendum ríkisborgurum fjölgað og erlent vinnuafl verið mikilvægt til að mæta skorti á starfsfólki. Bæði eru þetta einstaklingar sem hingað flytjast búferlum og ætla sér að setjast að á Íslandi en einnig er umtalsverður fjöldi sem hingað kemur til skamms tíma í einstök verkefni.

**Mynd 16. Aðfluttir umfram brottflutta**



Heimild: Hagstofa Íslands

<sup>5</sup> Sjá nánar könnun meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins <http://sa.is/frettatengt/frettir/stjornendur-400-staerstu-efnahagslifid-ofhitnar/> og <http://sa.is/frettatengt/frettir/stjornendur-400-staerstu-adstaedur-godar-og-verda-thad-afram/>


<sup>6</sup>Sjá úttekt Stjórnstöðvar <http://stjornstodin.is/calendar-event/konnun-a-mannafla-og-frasluorf>

Á síðasta ári voru aðfluttir um fimmtán hundruð fleiri en brottfluttir og skýrðist það eingöngu af aðflutningi erlendra ríkisborgara þar sem á sama tíma fluttust fleiri Íslendingar frá landinu en til þess. Frá árinu 2012 hafa því um 20 þúsund erlendir ríkisborgarar flust hingað til lands, eða um 10 þúsund fleiri en brottfluttir, og ljóst að sá fjöldi hefur mætt aukinni vinnuafleifisþurn í mannvirkjagerð og ferðaþjónustu að miklu leyti. Þróunin hefur haldið áfram það sem af er ári, á fyrri hluta þessa árs hafa fleiri erlendir ríkisborgarar flust hingað til lands heldur en allt árið 2014, og svipað margir og á síðasta ári.

### Er fjölgun starfa vanmetin?

Erfitt er að áætla nákvæmlega hve mikil fjölgun starfa hefur verið síðustu ár. Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og þróun búferlaflutninga gefa ákveðna mynd af þróuninni en úrtakið miðast þó einungis við þá sem hafa haft fasta búsetu hér á landi. Þeir sem hingað koma til tímabundinna starfa eru hins vegar í flestum tilfellum ekki hluti af vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Þetta geta verið einstaklingar sem starfa hér tímabundið á vegum starfsmannaleiga, þjónustufyrirtækja eða einstaklingar sem hingað koma á eigin vegum og ráða sig til starfa. Einnig hefur í vaxandi mæli borið á því að fyrirtæki auglýsi eftir sjálfboðaliðum í störf í ferðaþjónustu en slík starfsemi telst lögbrot<sup>7</sup>.

#### Mynd 17. Tímabundnir starfsmenn



Heimild: Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun heldur skrá yfir tímabundna starfsmenn á vegum starfsmannaleiga og þjónustufyrirtækja. Sé tekið mið af þeim hefur orðið gríðarleg fjölgun á þessu ári og hátt í 1.200 starfsmenn hér á landi á vegum slíkra fyrirtækja í september. Ekki liggur fyrir hversu margir af þeim starfsmönnum hafa hér fasta búsetu en sá fjöldi kann að vera óverulegur.

Stéttarfélag og skattayfirvöld halda úti virku vinnustaðaeftirliti en á þessu ári kannaði eftirlitið stöðu yfir 5.000 einstaklinga sem margir hverjir starfa í

<sup>7</sup> Sjá nánar <http://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/almennar-frettir/logbrot-ad-reka-efnahagslega-starfsemi-med-sjalfbodalidum/>



veitingum, verslun, ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Í eftirlitinu hefur fjölgun tímabundinna starfsmanna verið sýnileg en einnig ber á fjölgun alvarlegri tilfella þar sem einstaklingar starfa hér á landi án skráningar og án þess að hafa kennitölu.

## Er ójöfnuður að aukast að nýju?


Ójöfnuður mældur með Gini-stuðli jókst á árunum fyrir hrun og náði sínu hæsta gildi árið 2009, þegar hann mældist 29,6. Gini-stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélags dreifast meðal landsmanna og er á bilinu 0-100. Ef stuðullinn mælist 100 fær einn aðili allar tekjur landsins og ef hann mælist 0 hafa allir jafn miklar tekjur. Gini-stuðullinn sem reiknaður er af Hagstofunni byggir á gögnum úr skattframtölum, sem merkir að stuðull hvers árs byggir á tekjum ársins á undan.

Ójöfnuður fór vaxandi á árunum fyrir hrun og varð mestur, samkvæmt Gini-stuðlinum, á tekjuárinu 2008. Síðan þá hefur stuðullinn farið lækkandi og mældist síðast 22,7 vegna tekna ársins 2013<sup>8</sup>. Ójöfnuður telst lítill hér á landi í alþjóðlegum samanburði og dróst saman á árunum eftir hrun sem skýrist meðal annars af miklum samdrætti eignatekna, skattbreytingum og tekjutilfærslum.

Ekki liggja fyrir útreikningar Hagstofunnar á Gini-stuðli vegna tekna ársins 2015 en hins vegar gefa nýleg gögn Hagstofunnar um tekju- og eignapróun einstaklinga vísbendingar um að tekjudreifingin sé að þróast í átt að auknum ójöfnuði. Gögnin byggja á skattframtölum og má flokka niður eftir tekjutíundum, þ.e. einstaklingum er skipt upp í 10 jafnstóra hópa eftir því hve háar tekjur þeir hafa. Neðsta, eða 1. tíundin, er það 10% þjóðarinnar sem hefur lægstar tekjur og efsta tíundin, eða 10. tíund, er það 10% þjóðarinnar sem hefur hæstar tekjur. Þessi framsetning gefur góða mynd af tekjudreifingunni og hvernig hún þróast yfir tíma.


<sup>8</sup>Munurinn á hæstu og lægstu tekjum er aðeins einn þeirra þátta sem hafa áhrif á útreikning stuðulsins. Það er því ekki alltaf augljóst hvaða breytingar á tekjudreifingunni hafa áhrif á Gini-stuðulinn.

**Mynd 18. Dreifing ráðstöfunartekna eftir tekjutíundum**




Á mynd 18 sjáum við dreifingu ráðstöfunartekna eftir tekjutíundum frá árinu 1997 til 2015. Tekjuhæsta tíundin var við upphaf tímabilsins með rúmlega fjórðung allra ráðstöfunartekna og tekjulægsta tíundin með tæplega 1%. Ójöfnuður jókst mjög á tímabilinu sem skoðað er og náði hámarki árið 2007 þegar 10% þjóðarinnar var með 44% allra ráðstöfunartekna. Hin 90% þjóðarinnar deildi milli sín restinni og neðsta tíundin, rúmlega 18.000 manns, skipti milli sín 0,7% allra ráðstöfunartekna.


**1997**



**2007**



**2015**



■ 1. tíund ■ 2. tíund ■ 3. tíund ■ 4. tíund ■ 5. tíund ■ 6. tíund ■ 7. tíund ■ 8. tíund ■ 9. tíund ■ 10. tíund

Heimild: Hagstofa Íslands


Kökuritinn hér að ofan sýna nánar hvernig tekjudreifingin var einstaka ár. Við sjáum að árið 1997 voru efstu tvær tíundir með samtals 44% ráðstöfunartekna og neðstu tvær tíundirnar með 4,1%. Árið 2007 er síðan tekjuhæstu 20% þjóðarinnar komin með samtals 58% ráðstöfunartekna en hlutur þeirra 20% tekjulægstu hafði dregist saman og var ekki nema 2,8% allra ráðstöfunartekna. Bilið milli tekjuhópa jókst því verulega á þessu 10 ára tímabili. Lægsti tekjufimmtungur landsins fór frá því að vera með 9,2% af ráðstöfunartekjum, hæsta tekjufimmtungs niður í ekki nema 4,7%.

Þessi þróun snerist aðeins við eftir hrun, aðallega sökum þess að tekjuhærri einstaklingar lækkuðu hlutfallslega meira í tekjum í kreppunni. Hlutdeild lægsta tekjufimmtungsins í ráðstöfunartekjum landsmanna hækkaði, þó einungis upp í 3,3% af heildar ráðstöfunartekjum árið 2012, en hefur síðan þá farið lækandi á ný. Á sama tíma lækkaði hlutdeild efsta tekjufimmtungs niður í 47,4% af heildar ráðstöfunartekjum árið 2012 en hefur síðan þá farið hækandi.

Samanburður á kökuritunum sýnir að skiptingin árið 2015 er örlítið jafnari en árið 2007 en talsvert ójafnari en fyrir tæpum 20 árum síðan. Efstu tvær tífundirnar höfðu samtals 49,2% ráðstöfunartekna sem er svipað hlutfall og við sáum árið 2003 þegar hlutur efsta fimmtungsins var á hraðri uppleið. Þróunin síðustu þrjú ár er mjög áþekk því sem sást á árunum 2001-2003 hvað varðar hlutdeild efsta og neðsta tekjufimmtungs í heildar ráðstöfunartekjum landsmanna.


Mynd 19 sýnir samanburð á þróun hlutdeildar neðsta og efsta tekjufimmtungs í heildar ráðstöfunartekjum þjóðarinnar. Þar sést glögglega hvernig einstaklingar í neðsta fimmtungi fá sífellt lægra hlutfall ráðstöfunartekna, sérstaklega á uppsveifluárunum, á meðan að efsti tekjufimmtungurinn tekur til sín sífellt stærra hlutfall. Þetta gefur okkur vísbendingu um að með bættu árferði aukist ójöfnuður á ný.

**Mynd 19. Ráðstöfunartekjur - hlutfall af heild**



Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 20. Þróun á skattbyrði**



Heimild: Hagstofa Íslands


Það er áhugavert að skoða hvernig skattbyrði einstaklinga eftir tekjuhópum hefur þróast undanfarnin ár. Mynd 20 sýnir hvernig skattar og tilfærslur hafa þróast sem hlutfall af heildartekjum samkvæmt skattframtölum einstaklinga. Sýnd er þróun skattbyrðis annars vegar hjá þeim fimmtungi þjóðarinnar sem er með hæstu tekjurnar hverju sinni og hins vegar þeim sem eru með tekjur í þriðja tekjufimmtungi og teljast því til millitekjuhópa. Við sjáum að skattbyrði



millitekjuhópa hækkaði verulega við upphaf síðustu aldar á sama tíma og skattbyrði efsta tekjufimmtungs fór lækkanði. Sérstaklega áberandi er lækkunin sem á sér stað á skattbyrði efsta tekjufimmtungs á árunum 2005-2007 meðan að skattbyrði millitekjuhópa helst nánast stöðug. Eftir 2007 lækkaði skattbyrði millitekjuhópa á sama tíma og skattbyrði efsta tekjufimmtungs hækkaði. Skattbyrði þeirra efnamestu hækkaði þó ekki nema upp í svipað hlutfall og þeir voru með um aldamótin.

Á síðustu þrem árum sjáum við svipaða þróun og á síðustu árum fyrir hrun. Skattbyrði efsta tekjufimmtungs hefur lækkað á meðan að skattbyrði millitekjuhópa hefur hækkað. Það er því full ástæða til þess að vera á varðbergi og fylgjast vel með þróun mála í þessum efnum.

### Mynd 21. Skipting á hreinni eign þjóðarinnar



Heimild: Hagstofa Íslands

Það er sömuleiðis áberandi hve stór hluti af þeim auðæfum sem skapast hér á landi deilist á fáa einstaklinga. Á árinu 2015 átti efnamesta 10% þjóðarinnar 64% af öllu eigið fé í landinu. 90% þjóðarinnar skiptir svo með sér þeim 36% sem eftir eru. Skipting á eigið fé þjóðarinnar milli þeirra 10% efnamestu og hinum 90% þjóðarinnar sést á mynd 21. Við sjáum að upp úr 2006 fer efnamesta tíundin að taka til sín sífellt meiri auðæfi þar til það nær hámarki árið 2010 þegar 10% þjóðarinnar átti rúmlega 86% af allri hreinni eign þjóðarinnar. Smám saman hefur svo hlutfallið farið líttillega lækkanði, en áfram er dreifingin ójöfn.